


Fuglalíf í Garðabæ 2013

Talningar á Arnarnesvogi, Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri
Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar



Desember 2013
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Útdráttur	3
Inngangur	4
Aðferðir	4
Athugunarsvæði	4
Niðurstöður	7
Arnarnesvogur	7
Vífilsstaðavatn	11
Vatnsmýri	13
Urriðavatn	14
Umræða	15
Arnarnesvogur	15
Vötnin og Vatnsmýri	17
Vífilsstaðavatn	17
Vatnsmýri	18
Urriðavatn	18
Lokaorð	19
Heimildir	21
Viðaukar	22

Mynd á forsíðu: Æðarpar í vorskrúða. Æðurin er algengasti fuglinn í Arnarnesvogi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundum nema loftmyndir eru fengnar af vef símaskrár, ja.is; kort af friðlýsingu Skerjafjarðar er frá Landmælingum og kort af friðlýsingu Vífilsstaðavatns er frá Landslagi ehf.



1. mynd. Margæsaþúpur við ósa Arnarneslækjar 24. apríl 2013. Tvær þeirra eru merktar með gulum litmerkjum.

Útdráttur

Reglulegar fuglatalningar voru gerðar í Arnarnesvogi, á Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri árið 2013 að frumkvæði umhverfisnefndar Garðabæjar. Þær voru með svipuðu sniði og fyrri athuganir höfunda á þessum stöðum. Talið var 17 sinnum í voginum og 16 sinnum á vötnunum, auk þess sem upplýsingar frá öðrum aðilum voru notaðar við samantekt og úrvinnslu. Þessar athuganir eru bornar saman við eldri gögn og rýnt í hvort breytingar hafi orðið, fjölgun eða fækkun tegunda, og hvað valdi þeim.

Nokkrar breytingar hafa orðið á fuglalífi í Arnarnesvogi. Margæsum fjölgar jafnt og þétt á vorin, en þær eru sjaldséðari á haustin. Sömuleiðis hefur álftum og grágæsum fjölgað. Gráendur (buslendur) eru algengar sem fyrr, sérstaklega á veturna. Allir eru þessir fugla meira og minna jurtaætur, skilyrði þeirra eru því síst lakari en áður en uppfylling var gerð í voginum og byggð reis í vesturhluta hans. Duggöndum hefur fækkað, hvinönd er horfin, en öðrum kaföndum hefur fjölgað eða þær staðið í stað. Vaðfuglar sem áður sóttu í fjörur hefur stórfækkað nema tjaldi. Ekki er ljóst hvað veldur, þessi fækkun verður ekki eingöngu skýrð með vaxandi byggð og umferð. Varpfuglar við vestanverðan voginn hurfu af byggingarsvæðinu, en varp í Gálgahrauni virðist enn nokkuð öflugt. Sílamáfi fækkar allavega ekki og stari hefur numið land í hrauninu.

Sveiflur voru einnig í fuglalífi Vífilsstaðavatns, Urriðavatns og Vatnsmýrar. Meira sást af fugli í Vatnsmýrinni nú en áður og kann það að stafa af bættum skilyrðum eftir að hrossabeit var þar aflögð, ásamt hárrí vatnsstöðu um vorið. Þar urpu álftir nú hið fyrsta sinn. Flórgoða fjölgar á Vífilsstaðavatni og stöku pör verpa. Hann er nær horfinn af Urriðavatni. Duggendur voru mun færri á vötnunum en á árum áður, þessi fækkun virðist hafa byrjað milli 2006 og 2009 á Vífilsstaðavatni. Hún er í takt við það sem er að gerast á landsvísu. Skúfönd fjölgaði á móti talsvert á Vífilsstaðavatni, sérstaklega varpfuglum. Mun minna fuglalíf var á Urriðavatni heldur en á árunum 2000-2006 og er hugsanlegt að byggðin hafi þar einhver áhrif, ásamt gróðurbreytingum og trjágróðri í Dýjamýri.

Umrædd svæði eru öll afar mikilvæg fyrir fugla og skoða þarf friðlýsingu þeirra sem hafa ekki þegar verið friðlýst (Urriðavatn og nágrenni og Vansmýri). Vakta þarf fuglalíf áfram á þessum stöðum og gerð verndaráætlana ætti að vera forgangsverkefni.

Inngangur

Að beiðni Erlu Biljar Bjarnardóttur, umhverfisstjóra, fyrir hönd umhverfisnefndar Garðabæjar, töldum við fugla í Arnarnesvogi og á Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri árið 2013. Talsverð gögn eru til um fuglalíf á þessum stöðum frá fyrri athugunum höfunda: Jóhann Óli Hilmarsson 2001, 2005, 2007 og 2010, Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006, 2009. Tilgangurinn með talningum var að afla upplýsinga um núverandi ástand fuglalífs og hvort breytingar hafi orðið frá því að síðast var talið á þessum svæðum. Í skýrslunni er sagt frá niðurstöðum talninga 2013 og þær bornar saman við talningar fyrri ára.

Aðferðir

Talið var 17 sinnum í Arnarnesvogi og 16 sinnum á Vífilsstaðavatni, Urriðavatni og í Vatnsmýri á tímabilinu febrúar til nóvember 2013. Upphafleg verkáætlun gerði aðeins ráð fyrir 10 talningum. Fylgt var sömu talningaraðferðum og svæðaskiptingum og í fyrri talningum (Jóhann Óli Hilmarsson 2001, Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Yfir fartímamann var talið oftast en á öðrum tímum til þess að fá betri mynd af umferð fugla í gegnum svæðið.

Talið var í Arnarnesvogi kringum eða skömmu eftir fjöru, sem oftast var stórstraumfjara, nema 30. maí þegar talið var á flóði (2. 3. og 4. viðauki). Talið var á öllum voginum, ytri mörk svæðisins voru um línu frá Eskinesi yfir í Arnarnesker. Talningarsvæðinu var skipt í tvennt um uppfyllinguna í miðjum voginum. Þessir tveir hlutar eru nefndir austur- og vesturhluti. Talið var með 20-60x77 mm fjarsjá og handsjónauka frá völdum stöðum kringum voginn og af uppfyllingunni (2. mynd).

Talningar á vötnunum og Vatnsmýri voru af góðum útsýnisstöðum með fjarsjá og handsjónauka. Oftast var talið úr bíl, við Vífilsstaðavatn var talið vestan og norðan megin vatns (4. mynd), Vatnsmýri var talin frá Elliðavatnsvegi (4. mynd) og Urriðavatn frá Fjánhúsholti (veginum að Setbergsvelli), frá Elliðavatnsvegi og Vesturvíkin og votlendið norðan hennar voru talin frá bílastæði á Hrauntanga (5. mynd).

Í hverri talningu voru allir fuglar taldir og greindir til tegundar. Einnig voru þeir aldurs- og kyngreindir eftir því sem þurfa þótti og mögulegt var, en stundum var það erfitt þegar fuglar voru sofandi og á fellitíma andfugla. Ef talningamenn voru tveir saman, taldi annar en hinn skráði. Ef einn maður taldi, skráði hann annað hvort jafnóðum eða talaði inn á diktafón. Talningadagar sjást í 2.-7. viðauka. Í skýrslunni er stuðst við óbirtar athuganir frá Óskari Sigurmundasyni (hér eftir ÓS), sem skráði fugla í Arnarnesvogi frá því í nóvember 2007 fram í mars 2013, á þeim tíma bjó hann í Sjálandshverfinu og veitti okkur góðfúslega aðgang að talningum sínum. Óskar skoðaði einnig varpfugla í Gálgahrauni og er samantekt á þeim athugunum birt hér. Jafnframt eru teknar með upplýsingar frá árinu af skráningarvefnum eBird (eBird 2012).

Athugunarsvæði

1. Arnarnesvogur er um 100 hektarar að stærð innan fyrrnefndrar línu og eru hlutarnir álíka stórir. Leirur eru milli 5 og 10% af voginum. Stærsta leiran er svonefnd Arnarneslækjarleira, við ós Arnarneslækjar. Aðrar leirur eru minni háttar, aðallega ræma undan Háubökkum, meðfram austanverðum voginum (2. mynd). Vogurinn var friðlýstur 2009 (19. mynd)



2. mynd. Skipting Arnarnesvogar milli austur- og vesturhluta, helstu talningarpunktur merktir með rauðu T.

2. Urriðavatn eða Urriðavatn er hraunstíflað vatn, um 12 ha að stærð. Það liggur í kvos milli Setbergsholts (Fjánhúsholts) að vestanverðu, Hádegisholts að sunnan og Urriðaholts að austan. Að norðan afmarkast vatnið af tungu úr Svínahrauni, sem nefnist Hrauntangi og stíflar hann kvosina. Aðrennsli í vatnið er um Oddsmýrarlæk og afrennsli um Stórárókslæk (Kaplakrikalæk), sem sameinast Setbergslæk og mynda þeir Hamarskotslæk eða Lækinn í Hafnarfirði. Við hraunjaðarinn austanverðan, norður úr vatninu, gengur Vesturmýri. Sunnan vatns er Dýjamýri, sem heitir Þurramýri vestast (3. mynd).
3. Vífilsstaðavatn er um 25 ha að stærð. Það liggur í kvos milli Vífilsstaðahlíðar að suðvestanverðu, Sandahlíðar að suðaustanverðu, Smalaholts að austan og Skyggnisholts að norðan. Mólendi og brekkur liggja að vatninu, nema að sunnanverðu, þar er mýrlendið Dýjakrókar. Í mýrinni eru kaldavermsl og rennur vatn frá þeim í litlum lækjum til vatnsins. Þar var vatnsverndarsvæði og vatnsból Garðabæjar, sem voru aflögð 2007. Vífilsstaðalækur (Hraunsholtslækur) fellur úr vatninu til sjávar í Arnarnesvogi (4. mynd). Vífilsstaðavatn og hlíðarnar og holtin í kring voru friðlýst sem friðland í nóvember 2007 (20. mynd).
4. Vatnsmýri er við ofanverðan Vífilsstaðalæk (Hraunsholtslæk), neðan Vífilsstaða, hún er flæðimýri, um 5 ha að stærð. Vatnsmýri er forblaut á vorin, í apríl og maí, en þegar líður á sumarið þornar hún yfirleitt mikið. Þetta er lítið en gróskumikið votlendi sem var ofbeitt af hrossum á árum áður (4. mynd).



3. mynd. Urriðavatn og nágrenni, helstu talningarpunktur merktir með rauðu T.




4. mynd. Vífilstaðavatn og nágrenni ásamt Vatnsmýri. Helstu talningarpunktur merktir með rauðu T.

Niðurstöður


Arnarnesvogur

Alls sáust 42 tegundir fugla í talningum í Arnarnesvogi. Fram á vorið sáust fleiri fuglar austanmegin og svo aftur á haustin. Flestir sáust á tímabilinu febrúar til 9. maí og svo aftur frá 10. júní (6. mynd). Stærstu topparnir voru 379 margæsir 1. maí, 182 æðarfuglar 10. júní og 133 sílamáfar 23. ágúst (8., 9. og 10. mynd). Reyndar skoraði margæsin hátt í fjórum talningum frá 12. apríl til 9. maí, í öllum talningum sáust yfir 150 fuglar (2.-4. viðauki, 1. og 5. mynd). Í vesturhlutanum sáust flestir fuglar þegar sílamáfar mættu í varpið í apríl og jafnframt var töluvert af margæs þeim megin, mest að éta sjávarfitjung í Eskinesi.




5. mynd. Margæsir og fleira á Arnarneslækjarleirum, Arnarnesker fyrir miðri mynd og fjær er Kópavogshöfn og Seltjarnarnes.


Æður var algengasti fuglinn og sást í öllum talningum. Æðurin dreifðist nokkuð jafnt milli austur- og vesturhluta. Flestir æðarfuglar sáust 10. júní, þá voru alls 32 kollur með 93 unga. Eftir það fækkaði þeim, blikar héldu á fellistöðvar og ungamæður hurfu annað og ungar tíndu tölunni (8. mynd og 2.-4. viðauki). Tugir rauðhöfðaanda dvelja í Arnarnesvogi að vetrarlagi, en þær halda sig frekar austanmegin (8. mynd og 2.-4. viðauki). Stökkönd sást allt árið, fáeinir fuglar yfir sumartímamann en nokkrir tugir á veturna. Urtönd er sjaldséðari vetrargestur og sást nær eingöngu austanmegin. Annar algengur vetrargestur var hávella og sést hún aðallega vestan megin. Toppönd var algeng, hvarf aðeins frá miðjum júlí fram í september (9. mynd og 2.-4. viðauki). Aðrar endur voru sjaldgæfar. Andfuglar sem sáust með unga í voginum um vorið og sumarið voru grágæs (þrjú pör), stökkönd (tvær kollur), duggönd (ungar fundust sem höfðu villst frá móðurinni), æður (32 kollur) og toppönd (ein kolla).




6. mynd. Niðurstöður 17 talninga í Arnarnesvogi frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013. Línurnar sýna heildartölu (grænt), fugla austan megin (blátt) og fugla vestan megin (fjólublátt).



7. mynd. Rauðhöfðaendur og tjaldar í vorhug í Arnarnesvogi 25. mars 2013.




8. mynd. Tala æðarfugla, stökkanda og rauðhöfðaanda í Arnarnesvogi frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.




9. mynd. Tala grágæsa og toppanda í Arnarnesvogi frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.

Sílamáfur er langalgengasti máfurinn og sést jafnframt mest vestanmegin. Kemur þar til varp hans í Gálgahrauni, fuglarnir þaðan sækja talsvert á voginn. Sílamáfur er farfugl. Hettumáfur og silfurmáfur héldu til árið um kring, en aðrir máfar voru sjaldgæfir. Hettumáfur sást mest austanmegin, meðan silfurmáfur var álíka algengur beggja vegna. Nokkuð af kríu sást frá 19. maí til 23. júlí, flestar 46 þann 30. maí (10. mynd og viðaukar).



10. mynd. Tala sílamáfa, hettumáfa og silfuramáfa í Arnarnesvogi frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.

Vaðfuglar voru mun tíðari austan megin, margar tegundir þeirra sást alls ekki vestanmegin enda lítið um hentugar fjörur þeim megin. Tjaldur sást árið um kring, flestir frá febrúar til apríl, meðan heiðlóa var tíðust frá ágúst til október. Þeir voru algengustu vaðfuglarnir. Slangur af stelki og tildru sástu frá vori framá haust, aðrir vaðfuglar voru sjaldgæfir (11. mynd og 2.-4. viðauki).



11. mynd. Tjalda, stelka og heiðlóu í Arnarnesvogi frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.

Stari var algengasti spörfuglinn, sást árið um kring í fjörum. Aðrir spörfuglar voru teljandi á fingrum annarrar eða beggja handa (viðaukar).

Óskar Sigurmundason bætti nokkrum tegundum við listann (blesgæs, ljóshöfðaönd, gráhegri, landsvala, bæjasvala og músarrindill), auk þess sem hann sá fáka, svo alls hafa sést 58 fuglategundir í Arnarnesvogi frá árinu 2000 samkvæmt talningum höfunda og athugunum Óskars. Einhverjir sjaldséðar tegundir kunna að hafa sést í voginum á þessu tímabili, en heimildir þess efnis voru ekki kannaðar frekar.

Varpfuglar í Gálgahrauni voru skoðaðir 25. maí og 14. júní 2010 (ÓS, skrifl. uppl.). Tíu tegundir fundust í varpi. Sílamáfur var langalgengasti varpfuglinn en öðrum af fuglum urpu fáein pör (1. tafla).

1. tafla. Varpfuglar í Gálgahrauni árið 2010.

	Tala
Grágæs	2
Stökkönd	1
Æður	5
Tjaldur	3
Stelkur	1
Sílamáfur	325
Stari	2

Ennfremur sagði Óskar þetta um varpfugla í hrauninu: varðandi starahreiður þá er töluvert um að hann verpi í hrauninu, ég rakst iðulega á hreiður í holum í Gálgahrauninu, þar voru líka steindeplar, maríuerlur og skógaprestir.


2. tafla. Tala tegunda á vötnum og votlendi í Garðabæ á árunum 2000 – 2013 skv. athugunum höfunda.

Staður	2000	2004	2005	2006	2009	2013
Vífilsstaðavatn	18	23	21	21	19	24
Vatnsmýri		20	19	17		24
Urriðavatn	13	25	19	21		27
Alls	21	32	30	32		32

Spendýr voru skráð meðfram fuglaathugunum. Þar var ekki um auðugan garð að gresja, tveir landselir sáu st 12. apríl og minkur 16. mars. ÓS sá bæði hagamús og húsamús í fjörum við voginn.

Vífilsstaðavatn

Í talningum 2013 sáu st 24 fuglategundir á Vífilsstaðavatni (2. tafla) og upplýsingar fengust um 6 að auki á skráningavefnum eBird (eBird 2012). Rólegt var yfir fuglum um veturinn eða fram yfir miðjan apríl, enda vatnið lagt að hluta til eða öllu leiti mestan hluta þess tíma. Þegar farfuglar birtast tekur að lifna yfir fuglalífínu. Hámarkið var síðla í júní þegar mest er af ungum og síðan fer fuglum smátt og smátt fækkandi fram í nóvember (12. mynd).



12. mynd. Fuglar í talningum á Vífilstaðavatni frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.


Skúfönd var algengust, flestar sáust 7. ágúst, 57 fuglar, þar af voru 7 kollur með 29 unga. Skúfendur sáust fyrst 24. apríl og voru síðan á vatninu út athugunartímann (21. mynd). Ekki varð vart við duggandarvarp að þessu sinni, en duggendur voru samt algengar, 7 þör sáust mest um vorið og 9 steggir í júlí. Stökkönd var og algeng, en fáir ungar sáust. Tæplega 50 steggir felldu flugfjaðrir á vatninu. Toppönd sást í flestum talningum og ein kolla kom upp ungum. Álftaparið sem varp í Vatnsmýri kom með ungana á Vífilsstaðavatn og kom þremur ungum á legg. Grágæsapar sást með unga 6. júní (Erla Bil Bjarnardóttir), en fremur lítið sást af grágæs um sumarið. Aðrir andfuglar sem sáust voru sjaldséðari og sáust ekki með unga: urtönd, rauðhöfðaönd og gulönd (5. viðauki.).



13. mynd. Flórgeðahjón í tilhugalífi.

Flórigoðar sáust á vatninu frá 24. apríl til 8. september. Í maí og júní sáust mest 6 fuglar, en þeim fjölgaði uppí 12 (6 pör) í júlí. Flestir sáust 15 þann 8. september. Ekki tókst að aldursgreina alla þá fugla. Flórigoðapar varp á steini skammt frá landi við bílastæðið NA við vatnið. Þarið var við hreiðurgerð 6. júní og klaktist úr því í júlí. Einn ungi komst á legg. Ekki var staðfest að fleiri pör yrpu, þó þau væru þetta mörg. Stakir himbrimar sáust í fáein skipti í maí og júní (5. viðauki).

Af öðrum fuglum má nefna að kríur voru tíðar frá því seint í maí og fram í júlí. Lítils háttar varp var í lúpínubreiðu við vatnið (Erla Bil Bjarnardóttir, skrifl.uppl.). Hettumáfar og sílamáfar sáust óreglulega og aldrei margir í einu. Stakir eða fáeinir heiðlóur, hrossagaukar og stelkar sáust við vatnið. Þrír óðinshonar sáust á vatninu 30. maí og 10. júní og 9 þann 20. júní. Skógarþröstur var algengasti spörfuglinn, hann verpur í kjarrinu umhverfis vatnið. Aðrir spörfuglar voru þúfutittlingur, maríuerla, steindepill, glókollur, hrafn, stari og auðnutittlingur. Vorið áður, 2012, sáust bæði kúfönd og hringönd á vatninu, flækingsfuglar vestan um haf.



14. mynd. Fuglar í Vatnsmýri frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.

Vatnsmýri

Í þýðum að vetrarlagi virðast fuglar nýta mýrina til fæðuöflunar, því í talningu í þíðu 10. febrúar sást talsvert af urtönd og stökkönd, en í talningu í frosti 16. mars voru engir fuglar. Fjöldinn var í hámarki í apríllok, en töluvert af fugli sást fram í júlíbyrtjun (14. mynd). Lítið sást af fuglum seinni hluta sumar þar sem votlendisgróður torveldar talningar. Á liðnu sumri þá þornaði Vatnsmýrin seinna en oft áður og því héldu endur sig þar fram í júní. Þar sáust nú 24 fuglategundir (2. tafla) og upplýsingar fengust um tvær í viðbót af skráningarvefnum eBird (eBird 2012). Andfuglar voru þar í miklum meirihluta. Álftir urpu í Vatnsmýri í fyrsta sinn síðan athuganir hófust. Þær ólu unga sína upp á Vífilsstaðavatni og fuglarnir sáust jafnframt á vatninu meðan á álegu stóð. Annar fuglinn (kvenfuglinn) var merktur á vetrarstöðvum í Martin Mere í Englandi í lok janúar 2007. Hann sást þar næstu tvo vetur, en í maí 2009 var hann í Suðursveit og Svartárdal, A-Hún. með tveggja daga millibili. Aðeins ein athugun er eftir það, frá Hafnarfjarðarlæk í október 2010.

Grágæsir sáust frá apríl til júní, en ekkert benti til varps. Stökkönd og urtönd eru sem fyrr algengustu endurnar, þær verpa væntanlega báðar, en ungar sáust eingöngu síðsumars, þegar þeir voru komnir vel á legg. Skúfönd kom óvænt inn sem

Þriðja algengasta öndin, en engar skúfendur sáust 2006. Hún sást í maí og fram í júní, flestar 13. þann 10. júní. Toppendur sáust líka kringum mánaðamótin maí/júní, sem er einnig óvenjulegt. Þrjár duggendur sáust 10. júní, þann dag sáust óvenju margar endur í Vatnsmýri, sennilega vegna hárrar vatnsstöðu eins og að framan greinir (6. viðauki).

Algengustu vaðfuglarnir voru jaðrakan og stelkur. Jaðrakan sást um vorið, frá 24. apríl fram til 10. júní, flestir 7 í apríl. Stelkur sást fram í júlí. Aðrir vaðfuglar voru heiðlóa, hrossagaukur og spói (6. viðauki).

Fáeinir hettumáfar, sílamáfar og kríur sáust. Slæðingur sást af spörfuglum: starahópar frá maí fram í júlí (5-28), en aðrir spörfuglar voru sjaldgæfari: þúfutittlingur, svartþröstur, skógarþröstur, hrafn, stari og auðnutittlingur (6. viðauki). Bjartheгри var í mýrinni 5.-6. maí (Birding Iceland 2013, 15. mynd).




15. mynd. Bjartheгри sást í Vatnsmýri í byrjun maí. Óvenju margir bjartheग्रar sáust á landinu á árinu.

Urriðavatn

Urriðavatn var tegundaríkast af þessum þremur votlendissvæðum inn til landsins sem voru talin, þar fundust nú 27 fuglategundir (2. tafla). Álftir urpu í Vesturmýri, en varp misfórst. Slæðingur sást af grágæs frá mars og fram í október, flestar 7. ágúst, þar á meðal tvö pör með unga. Stökkönd var algengasta öndin, sást í flestum talningum. Flestar sáust 24. júlí, þar á meðal 47 steggir í sárum. Fjórir urtandarungar sáust 24. júlí, en aðrar endur fundust ekki með unga. Næstalgengasta öndin var skúfönd. Hún sást frá 24. apríl til 8. september, flestar 13 þann 1. maí. Jafnframt tvær í febrúar. Duggönd var alltið frá 21. maí til 8. september, aðrar endur (rauðhöfðaönd, toppönd og gulönd) voru sjaldgæfari (16. mynd, 7. viðauki).

Aðeins einn flórgoði sást, í júní og enn fremur einn himbrimi í lok maí. Algengasti vaðfuglinn var hrossagaukur, hann verpur í votlendi kringum vatnið og sást tíðum hneggjandi yfir óðali sínu (21. mynd). Stelkur var næst algengasti vaðfuglinn við vatnið. Aðrir vaðfuglar sem sáust voru tjaldur, heiðlóa, lóupræll og óðinshani, allt varpfuglar, nema óvíst með þann síðastnefnda (7. viðauki).

Máfar sækja á vatnið og sitja gjarnan í hrauninu norðan þess. Sílamáfur var algengastur máfanna, sást í hverri talningu frá 12. apríl til 4. september, flestir 50 þann 23. ágúst. Hvítmáfur var næstalgengastur, svo komu silfurmáfur, svartbakur og



16. mynd. Fuglar á Urriðavatni frá 10. febrúar til 17. nóvember 2013.

hettumáfur í tíðniröð. Fáeinar kríur sástu frá 30. maí til 7. ágúst. Af spörfuglum bar mest á skógarþresti, sérstaklega um haustið, flestir 12 þann 7. okt. Aðrir spörfuglar voru þúfutittlingur, hrafn og stari (7. viðauki).

Herfugl sást við vatnið 21.-23. október. Hann er skrautlegur og sjaldséður flækingsfugl hér á landi, hefur sést um það bil 15 sinnum hérlendis (Birding Iceland 2013).

Umræða

Arnarnesvogur

Nú sáust 42 fuglategundir í Arnarnesvogi, sem er aðeins færra en árin 2000-2001 (45), en heldur fleira en 2003-2004 (30) og 2005-2006 (35). Fjöldi tegunda hefur verið í svipuðu hlutfalli og tíðni talninga, nú var talið 17 sinnum, 2000-2001 var talið 30 sinnum, 2003-2004 var talið 11 sinnum og 2005-2006 var talið 10 sinnum. Ástæðan fyrir því að talningarnar spönnuðu tvö ár í hinum fyrri talningum, var að talið var frá ágúst til ágústs (Jóhann Óli Hilmarsson 2001, 2005 og 2007). Fimm tegundir sem komu fram nú höfðu ekki sést þar í fyrri talningum: brandönd, lómur, flórgoði, rita og svartþröstur. Sá síðastnefndi er nú algengur varpfugl í gördum kringum voginn og sást stundum í fæðuleit á talningarsvæðinu. Brandönd er annar nýr landnemi, hún sést æ oftast á sjó eða sjávarlónum á Innnesjum, enda hefur hún verið í stöðugri útbreiðsluaukningu síðustu árin. Óskar Sigurmundason bætti auk þess 6 tegundum við fuglalistann: blesgæs, ljóshöfðaönd, gráhegra, landsvölu, bæjasvölu og músarrindil. Nokkrar tegundir sáust á árunum 2000-2006, sem ekki sáust nú: fýll, fálki, sanderla, jaðrakan, teista, steindepill og snjótittlingur. Hér verður fjallað um helstu hópa fugla og spáð í breytingar sem hafa orðið á undanförunum áratug eða svo, sjá einnig 1. viðauka.

Álftum hefur fjölgað á Arnarnesvogi og sértaklega á veturna. Þar er þeim gefið brauð og laðar það þær að á veturna. Veturseta álfta hefur færst í vöxt hérlendis (Hall o.fl. 2010). Ástæðurnar eru væntanlega stækkandi stofn, hlýnandi loftslag og breyttir búskaparhættir, en þær nýta sér mikið korn sem verður eftir í ökrum bænda.

Algengustu **gæsir** eru sem fyrr grágæs og margæs. Grágæs hefur fjölgað nokkuð, sérstaklega á veturna. Veturseta grágæsa er að verða tíðari hérlendis, en gæsir

hafa verið viðloðandi Innnesin í nokkra áratugi. Þó virðist hafa dregið úr varpi gæsa, allavega sáust fleiri pör með unga á tímabilinu 2001-2004. Margæs hefur fjölgað nokkuð á vorin, eins og annars staðar á Innnesjum (Guðmundur A. Guðmundsson, munnl.). Mun minna kvað að þeim á haustin heldur en í fyrri talningum. Nú gerðist það að margæsir höfðu sumardvöl í voginum, sem er mjög óvanalegt, einnig sáust níu fuglar sumarið 2010 (ÓS). Jafnframt sást stakur fugl í desember 2011, en vetrardvöl stöku fugla þekkist frá Innnesjum. Margæsir lifa aðallega á grænþörungum (t.d. grænhimnu, marglýju og maríusvuntu) og marhálmi í voginum, á sjávarfitjungi á Eskinesi (17. mynd). Reyndar eru álf tír, gæsir og gráendur meira og minna jurtaætur, en þessum fuglum hefur öllum fjölgað. Þær virðast því hafa nóg að éta í Arnarnesvogi.



17. mynd. Margæs snæðir grænþörung eða marhálmi í bóluþangsbreiðu á Álftanesi 3. maí 2008.

Gráendur (buslendur) voru algengar í voginum sem fyrr og mynstrið svipað. Rauðhöfði er algengur vetrargestur og fer heldur fjölgandi, stökkönd sést allt árið og verpur eitthvað og urtönd heldur svipuðu striki, nema heldur meira sást af henni um vorið heldur en vorið 2001. Mjög lítið sást af henni í talningunum 2003-2006.

Af **kaföndum** er æðurin sem fyrr langalgengust og í heildina algengasti fuglinn í voginum. Kollur með unga koma á vögn um miðjan júní og var fjöldinn svipaður og 2001. Helsti munurinn var að stór hausthópur sem sást 2001 og 2003 kom ekki fram nú. Hávella er sem fyrr algengur haust og vetrargestur, en henni hefur heldur fækkað á vorin. Duggönd hefur fækkað, veturinn 2000-2001 héldu um 20 duggendur til á voginum, en nú eru þær sjaldséðar þar. Skúfönd er og hefur verið sjaldséð á Arnarnesvogi. Um og fyrir aldamótin var Arnarnesvogur helsti vetrarstaður hvinanda á Innnesjum. Þær hurfu fljótlega uppúr því og sáust t.d. ekki í talningunni

veturinn 2003-2004. Hvinendur sjást nú varla á Innesjum, nema helst á Elliðavatni (Náttúrufræðistofnun 2013). Toppönd hefur heldur fjölgað, sést nú allt árið á Arnarnesvogi og kolla með unga var í voginum sumarið 2010 (OS). Gulönd er farin að sjást æ oftar á sjó á Innesjum, eins og venja þeirra var fyrir nokkrum áratugum. Þess utan halda þær til á ferskvatni. Arnarnesvogur hefur ekki farið varhluta af sjósókn gulanda, ein til tíu hafa haft þar vetursetu frá 2009 (Náttúrufræðistofnun 2013).

Ein mesta breytingin á fuglalífi Arnarnesvogar var fækkun **vaðfugla**. Þetta er aðallega fækkun hjá fuglum sem koma þar við á farti á vor og haust, svonefndum umferðarfuglum, hvort sem þeir eru á leið sinni milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og N-Kanada eða eru íslenskir varpfuglar. Mest var fækkunin hjá rauðbrystingi, svo og heiðlóu að hausti. Sandlóu, lóupræl, sendlingi, stelki og tildru hefur einnig fækkað. Reyndar var Arnarnesvogurinn ekki eins mikilvægur viðkomustaður og t.d. Kópavogur, Grafarvogur og Leiruvogur, en samt er full ástæða til að hafa áhyggjur af þessari þróun. Ekki er ljóst hvað veldur en umfang hentugrar vaðfuglafjöru hefur þó minnkað með uppfyllingu í voginum. Þess ber þó að geta að svipað virðist vera uppá teningnum í Kópavogi, sérstaklega hjá rauðbrystingi (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson í undirbúningi). Honum virðist þó ekki vera að fækka á landsvísi, heldur bendir flest til þess að hann hafi færst sig á önnur svæði (Guðmundur A. Guðmundsson munnl. uppl.). Tjaldi hefur hins vegar fjölgað á veturna. Veturinn 2000-2001 voru engir tjaldar í voginum, en nú skipta þeir tugum.

Spörfuglar sveiflast nokkuð. Þúfutittlingi, skógarþresti og hrafn fækkaði. Í tilfelli þúfutittlings og skógarþrestar kann það að stafa af aukinni byggð. Svartþröstur er nýr landnemi, sem fjölgar stöðugt og er hann staðfugl. Músarrindill er orðinn reglulegur vetragestur, hann hafði ekki sést í hinum fyrri talningum.

Varpfuglar. Byggð jókst við vögin, sérstaklega vestanverðan, svo það er bara í Gálgahrauni þar sem enn er ósnert varpland við Arnarnesvog. Sílamáfur er algengasti varpfuglinn í hrauninu. Á síðustu árum eru starar farnir að verpa í klettum og hraunum víða á suðvestanverðu landinu, eins í Gálgahrauni. Svartþröstur er nýr varpfugl í gördum kringum vögin. Varp toppandar var nú staðfest í fyrsta sinn og grunur er um varp duggandar.

Miðað við þær breytingar sem hafa orðið á voginum á síðasta rúma áratug, stendur fuglalífið að flestu leyti vel að vígi og hefur sumum fuglum jafnvel fjölgað. Það þarf að fylgjast vel með vaðfuglunum og kanna hvort þessi fækkun er viðvarandi eða tímabundin sveifla. Nú standa yfir rannsóknir í Kópavogi og Grafarvogi, auk okkar athugana í Kópavogi á árinu. Ef til vill svara þær spurningunni hvað veldur fækkuninni.

Vötnin og Vatnsmyri

Talningar nú voru tíðari heldur en hin fyrri ár, 2000-2009. Fjöldi tegunda var líka ívið meiri heldur en fyrr (2. tafla). Andfuglar voru sem fyrr mest áberandi.

Vífilsstaðavatn

Samanborið við árin 2000-2009 er álftr nú tíðari, meðan grágæs fækkar. Álftr varp fyrst við vatnið 2010 (Jóhann Óli Hilmarsson 2010). Duggönd hefur lengi verið sterk á Vífilsstaðavatni, en nú virðist það vera að gerast þar sem svo víða á landinu, henni fer fækkandi. Duggöndum hefur fækkað um helming við Mývatn á 10 árum og reyndar enn meira, ef tölur frá 7. áratugi síðustu aldar eru skoðaðar (Náttúrufræðistofnunin við Mývatn 2012). Sama er uppi á teningnum í Skagafirði (Ólafur Einarsson, óbirt). Aftur á móti fjölgaði skúfönd, sjö kollur með unga voru á vatninu um sumarið og hafa

þær aldrei verið fleiri, aðeins ein eða tvær á ári fram að þessu. Þetta er í fyrsta sinn síðan athuganir hófust sem engin duggandarkolla sést með unga. Þessi fækkun virðist hafa verið hafin 2009 (Jóhann Óli Hilmarsson 2010). Rauðhöfðum fer fjölgandi og þá sérstaklega haustgestum. Kolla með unga fannst 2009, en ekki varð vart við varp nú. Fáeinir grágæsir, stökkendur og urtendur voru nú með unga, en engar toppendur. Stökkandarsteggjum í fjaðrafelli hefur fjölgað, úr 20-29 á árunum 2004-2009 í 49 nú. Það bendir til góðra skilyrða við Vatnið, fuglarnir hafa nægilegt æti og ró á meðan þeir eru í sárum og ófleygir. Þó að umhverfi Vífilsstaðavatns sé vinsælt útivistarsvæði og göngustígurinn umhverfis það sé mikið notaður, hefur hundabann og minnkuð ásókn veiðimanna í vatnið haft jákvæð áhrif á fuglalífið.

Flórigoðar hófu að verpa við vatnið 2008 og hafa orpið þar síðan, en voru og eru reyndar enn fyrst og fremst síðsumargestir. Hugsanlega skortir þá varpstaði, þeir virtust ekki laðast að litlum starabreiðum í Vatnsbotnum og víðar við austanvert vatnið, heldur valdi varpparið sér stein fyrir allra augum. Venjulega verpa flórigoðar í starabreiðum, eins og við Ástjörn og Urriðavatn. Rætt hefur verið um að útbúa varpstaði fyrir flórigoðann í vatninu. Slíkt er þekkt, m.a. frá Leirhafnarvatni á Sléttu (Níels Árni Lund, munnl. uppl.) og í Wisconsin hafa pallar verið útbúnir fyrir sefgoða með góðum árangri (Evrard 1988).

Helstu breytingar frá fyrri árum eru fjölgun flórigoða, skúfandar og fellisteggja stökkandar, ásamt fækkun duggandar og uppeldi álftarunga á vatninu.

Vatnsmýri

Vatnsmýrin virðist vera að sækja í sig veðrið sem fuglastaður. Vorið var blautt og þornaði hún seinna en venjulega. Álftir urpu þar nú í fyrsta skipti og meira sást af öndum heldur en nokkru sinni fyrr. Sérstaklega hefur skúfönd fjölgað, en hún sást ekki í talningum 2004-2006. Mýrin er höfuðvígi jaðrakans á athugunarsvæðunum og stelkur er einnig tíður. Hrossum er nú ekki lengur beitt á mýrina og hefur það haft góð áhrif á gróðurfar og fuglalíf.

Urriðavatn

Fuglalíf á Urriðavatni var með fremur dauflegu móti þetta árið. Fáeinir grágæsar-, urtendar- og stökkandarungar komust á legg, en engar kafendur sáust með unga. Árið 2006 voru þrjár duggandarkollur með unga á vatninu og sitthvor skúföndin og toppöndin. Álftir urpu aftur við vatnið 2007, eftir 33 ára hlé og hafa sennilega orpið síðan. Þær reyndu aftur varp í ár, en varpið misfórst. Aðeins einn flórigoði sást um sumarið, en ekkert benti til varps. Flórigoði hefur orpið óreglulega við vatnið allavega frá 1972. Sennilega hefur varpið aldrei verið blómlegra en 2008, þegar fjögur pör með unga voru á Urriðavatni. En árið áður sást aðeins stakur fugl og 4-5 árið þar áður. Sjá nánari úttekt á stöðu flórigoðans í Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006.

Urriðavatn hampaði þó flestum tegundum á vötnunum. Þar voru fleiri máfategundir heldur en á Vífilsstaðavatni og í Vatnsmýri. Jafnframt fjölgaði fellisteggjum stökkanda úr 9 árið 2006 í 47 nú.

Ástæður fyrir þessari lélegu útkomu Urriðavatns eru ekki ljósar, sérstaklega þar sem afkoma fugla var í flestum tilvikum góð í Vatnsmýri og á Vífilsstaðavatni. Ef til vill truflar byggðin, sem er að rísa í Urriðaholti, sem og bygging Kaupþúns í hrauninu norðan vatnsins. Hætta er á að Dýjamýri þorni upp vegna aukins trjágróðurs. Það er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun fuglalífs á vatninu og grípa til aðgerða eða frekari rannsókna, ef fram heldur sem horfir. Fuglalíf er góð vísbending um hvort lífríki sé í jafnvægi eða að eitthvað bjáti á.



18. mynd. Urriðavatn 2. ágúst 2013. Dýjamýri og Þurramýri eru að fyllast af trjágróðri. Lúpínubreiða í Fjárhúsholti næst.


Lokaorð

Það eru vissulega sveiflur í lífríkinu eins og eðlilegt má telja. Það sem við höfum helst áhyggjur af eru eftirtalin atriði: fækkun vaðfugla í Arnarnesvogi og fækkun dugganda á Vífilstaðavatni, svo og minna fuglalíf á Urriðavatni. Enginn þessara þátta verður auðveldlega skýrður.


Vífilstaðavatn var friðlýst 2007 og Gálgahraun og Arnarnesvogur 2009 (Umhverfisstofnun 2010). Urriðavatn hefur verið í friðlýsingarferli og hinn hluti Arnarnesvogar er á Náttúruminjaskrá og IBA skrá (skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði) sem hluti af Skerjafirði og á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (María Harðardóttir o.fl. 2003, Ólafur Einarsson 2000). Við hvetjum til þess að þessum friðlýsingarferlum verði fram haldið og að Vatnsmýri verði tekið með. Jafnframt að verndaráætlun verði gerð fyrir öll svæðin. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar byggð er að aukast og gróðurfar að breytast. Svæðið allt hefur mikið náttúruverndargildi og útivistargildi fyrir íbúa Innnesja.

Lúpína er að eða búin að leggja undir sig holt og ása á svæðinu og er nú unnið að því að uppræta hana. Runnagróður er að þekja Dýjamýri við Urriðavatn, þar sem hin sjaldgæfa sóldögg vex (18. mynd, Kristbjörn Egilsson o.fl. 2009). Höfundar hafa áður bent á endurhæfa skuli mýrina og nú virðist þörf á að stemma stigu við útbreiðslu trjáa og runna.

Með því að hlúa að flórgoðanum og útbúa varpstaði fyrir hann á Vífilstaðavatn, eru líkur á að varppörum þar muni fjölga. Jafnframt þarf að framfylgja hundabanni og lengja það fram yfir varptíma flórgoðans, eins og gert var s.l. sumar. Hundabannið hefur jafnframt góð áhrif á annað fuglalíf, t.d. gæti það hafa hjálpað til við fjölgun fellisteggja stökkandar.



19. mynd. Friðlýstar fjörur og grunnsævi í Skerjafjarðarluta Garðabæjar.



20. mynd. Friðlýsing Vífilsstaðavatns og nágrennis.

Heimildir

- Birding Iceland 2013. <https://notendur.hi.is/~yannk/index-eng.html> og <https://www.facebook.com/birdingiceland>. Sótt 25.11.2013.
- eBird 2012. eBird: An online database of bird distribution and abundance [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Available: <http://www.ebird.org>. (Skoðað 20.11.2013).
- Evrard, James O. 1988. *Nesting Red-necked Grebes in St. Croix County, Wisconsin*. The Passenger Pigeon, Vol. 50, 4: 291-295.
- Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012. *Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*. Náttúrufræðistofnun, NÍ 12010, 64 bls.
- Hall, C., Jaqueline R. Glanville, Helen Boland, Ólafur Einarsson, Graham McElwaine, Chas A. Holt, Christopher J. Spray, Eileen C. Rees 2012. *Population size and breeding success of Icelandic Whooper Swans Cygnus cygnus: results of the 2010 international census*. Wildfowl 62: 73-96.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2001. *Fuglalíf í Arnarnesvogi*. Skýrsla unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu, 23. bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2005. *Fuglar í Arnarnesvogi 2003-2004*. Vöktun unnin fyrir Björgun ehf., 13 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2007. *Fuglar í Arnarnesvogi 2008-2006*. Vöktun unnin fyrir Björgun ehf., 13 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2010. *Fuglalíf í Heiðmörk*. Unnið fyrir Reykjavíkurborg og Garðabæ vegna deiliskipulagsvinnu, 48 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2006. *Fuglar á vötnum og votlendi í Garðabæ 2000, 2004 og 2005*. Unnið fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar, 33 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009. *Fuglar á vötnum og votlendi í Garðabæ árið 2006. Með viðbótum frá 2007 og 2008*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Garðabæjar, 10 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson í undirbúningi. *Fuglalíf í Kópavogi 2013*. Unnið fyrir Kópavogsbæ.
- Kristbjörn Egilsson, Rannveig Thoroddsen og Guðmundur Guðjónsson 2009. *Gróður við Urriðavatn*. Unnið fyrir Garðabæ. Náttúrufræðistofnun, skýrsla NÍ 09004, 42 bls. + kort.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.
- Náttúruverndarstjórnastöðin við Mývatn 2012. Fuglar: Tölur um fugla á vorin. Náttúruverndarstjórnastöðin við Mývatn <http://www.ramy.is/wp-content/uploads/2012/06/vefendur3.pdf> (Sótt 5.12.2013).
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Bls. 341-363 í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridge.
- Umhverfisstofnun 2010. Náttúruminjasrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Sótt 23.11.2013 af: <http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/>
- Náttúrufræðistofnun 2013. Vetrarfuglatalningar. Sótt í nóv. 2013 af: <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/vetrarfuglar/>



21. mynd. Skúfönd fjölgar á Vífilsstaðavatni. Hér er steggur að hefja sig til flugs.



21. mynd. Hrossagaukar í vorleik.

Viðaukar

1. viðauki. Tíðni fugla 2000-2006 og 2013, ásamt viðbótarupplýsingum frá Óskari Sigurmundasyni 2007-2013 og af skráningarvefnum eBird.

		2000-2006	2013	ÓS/eBird		Sjald- séður	Reglu- legur	Algengur	Sást ekki
1	Álftr	Vo1	Ve2-Vo1		Allt árið	A1	A2	A3	0
2	Grágæs	Vo3-S3-H2	A2-3		Vor	Vo1	Vo2	Vo3	
3	Blesgæs			V1	Sumar	S1	S2	S3	
4	Margæs	Vo3-H3	Vo3-S1		Haust	H1	H2	H3	
5	Brandönd	0	Ve1		Vetur	Ve1	Ve2	Ve3	
6	Rauðhöfðaönd	H3-Ve3-Vo2	H3-Ve3-Vo2						
7	Ljóshöfðaönd			V1					
8	Gargönd	Vo1	Vo1-Ve1						
9	Urtönd	Ve1-Vo2	H1-Ve2-Vo2						
10	Stökkönd	A3	A3						
11	Skúfönd	Vo1	Vo1						
12	Duggönd	Ve2-Vo1	Vo1						
13	Æður	A3	A3						
14	Straumönd			Vo1					
15	Hávella	H2-Ve3-Vo2	H2-Ve3-Vo1						
16	Hvinönd	Ve1	0						
17	Toppönd	H1-Ve2-Vo2	A2-3						
18	Gulönd	0	Ve1						
19	Himbrimi	H1	H1						
20	Lómur	0	H1						
21	Flórigoði	0	Ve1						
22	Fýll	Vo1	0						
23	Dílaskarfur	Hau2-Ve2-Vo1							
24	Gráhegri			Ve1					
25	Fálki	Ve1	0	Ve1					
26	Tjaldur	A2-3	A2-3						
27	Sandlóa	Vo2-S2	Vo1-S1						
28	Heiðlóa	Vo2-S2-H3	Vo2-S1-H3						
30	Rauðbrystingur	Vo3	Vo1						
31	Sanderla	Vo1	0						
32	Lóupræll	Vo2-S2	Vo1-Hau1						
33	Sendlingur	Vo2-S2-H2	0	Ve2-Vo1					
34	Hrossagaukur	Vo2-S1-Ve1	S1						
35	Jaðrakan	Vo1	0						
36	Spói	S2	S1						
37	Stelkur	A2-3	Vo2-S2-H1						
38	Tildra	A2	A1-2						
39	Rita	0	Vo1						
40	Hettumáfur	Vo3-S2-H3-Ve1	A2						
41	Stormmáfur	H1-Ve1	V1						
42	Silfurmáfur	A1-2	A2						
43	Sílamáfur	Vo3-S3-H3	Vo3-S3-H3						
44	Bjartmáfur	Ve1-Vo1	Ve1						
45	Hvítmáfur	H2-Ve2-Vo2	H1-Ve1						
46	Svarbakur	A2	A1						
47	Kría	Vo2-S3	Vo2-S3						
48	Teista	S1	0						
49	Landsvala			Vo1					
50	Bæjasvala			Vo1					
51	Þúfutittl.	Vo2-S2-H1	H1						
52	Maríuerla	Vo1-S1	Vo1-S1						
53	Músarrindill			Ve2-Vo1					
54	Steindepill	H1	0						
55	Skógarpröstur	Vo2-H1-Ve1	H1						
56	Svarþröstur	0	Vo1-Ve1	Ve2					
57	Hrafn	A2	Ve1						
58	Stari	A2-3	A2-3						
59	Snjótittlingur	V1-S1	0						

2. viðauki, frh.	10.02.	12.03.	16.03.	12.04.	24.04.	01.05.	09.05.	19.05.	24.05.	30.05.	10.06.	08.07.	23.07.	07.08.	23.08.	8.9.	7.10.
Kría								6	3		9	11	2				
Púfutítl.															1		
Mariuerla												5			1		
Skógarbröstur				1													
Svartpröstur					1		1					1		1			
Hrafn	1			1													
Stari				19	6	6			4	1	10	7	5	25		9	27
Samtals	278	ÓS	253	209	235	428	189	79	117	38	170	123	70	133	172	149	139
Landselur				2													

3. viðauki. Niðurstöður 17 talninga í Arnarnesvogi vestanverðum árið 2013.

	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	19.5.	24.5.	30.5.	10.6.	8.7.	23.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Fuglar																	
Álft	26	11	1														7
Grágæs	34							2		2	2		19	48	1		22
Margæs			121	79	46	108			24		2	1					
Brandönd		1															
Rauðhöfðaönd	2		23				2										7
Gargönd																	1
Urtönd						1											3
Stökkönd	33	3		5	7	6	2		4	3				13	4	10	52
Skúfönd																	
Duggönd						4											
Æður	45	59	46	45	62	82	46	55	10	68	31	14	12	20	13	24	16
Hávella	7	10	8	2	8	9										9	8
Toppönd	21	4	20	13	4	3		3	11	4	4					8	19
Gulönd			3														
Himbrimi																1	
Lómur																	
Dílaskarfur	3	1		3										1		3	7
Tjaldur	1			1	1				11	2			2				
Sandlóa																	
Heiðlóa																	
Rauðbrystingur																	
Lóupræll																	
Hrossagaukur																	
Spói										1	1		2				

3. viðauki, frh.	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	19.5.	24.5.	30.5.	10.6.	8.7.	23.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Stelkur				6	5		4	2	2				2				
Tildra								5								2	
Rita																	
Hettumáfur				5	2	4	1	2				1	1		3	2	4
Stormmáfur	2																
Silfurmáfur	2		4	3	2			3		1	2	1	1		1		2
Sílamáfur			92	24	20	50	54	80	36	103	64	59	84	133	63		
Bjartmáfur																	3
Hvítmáfur															1	1	1
Svartbakur	1		1	1		1				2	1				1		
Kría							7	6	46	6	7	6					
Þúfutítl.																	
Mariuerla						1				1				1			
Skógarþróstur			1														
Svartþróstur																	
Hrafn																	3
Stari	7						8	1		3	2	1	20		11		
	184	89	320	187	157	269	124	159	144	196	116	83	143	216	98	60	155
Minkur		1															

4. viðauki. Niðurstöður 17 talninga í öllum Arnarnesvogi árið 2013, 2. og 3. viðauki teknir saman.

	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	19.5.	24.5.	30.5.	10.6.	8.7.	23.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Fuglar																	
Álft	26	11	1		2												11
Grágæs	34		9	8	19	9		8	5	12	2		49	56	5	3	62
Margæs			156	229	379	220	3	16	24		2	1					
Brandönd	1	1															
Rauðhöfðaönd	55	98	66	5	2		2							37	9	5	49
Gargönd					1												1
Urtönd		10	23			1	2		1							4	3
Stökkönd	53	14	12	7	10	10	9	2	14	10	7		4	19	12	26	63
Skúfönd						2											
Duggönd						4											
Æður	151	124	66	68	74	106	73	79	16	182	87	49	25	47	31	35	43
Hávella	43	10	12	2	8	9										26	18
Toppönd	30	4	20	15	5	4	4	6	20	8	6					9	26

4. viðauki, frh.	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	19.5.	24.5.	30.5.	10.6.	8.7.	23.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11
Gulönd		2	3														1
Himbrimi														1		1	1
Lómur																1	
Flórigoði																	2
Dílaskarfur	3	1		3										1		3	8
Tjaldur	42	67	32	10	8	5	6	8	13	9	6		14	3	5	10	22
Sandlóa					1		2				2	1	1				
Heiðlóa				7	12	6	8				1	6	32	65	73	37	
Rauðbrystingur						2		7									
Lóupræll						5								3			
Hrossagaukur							1				1	1					
Spói										1	1		4				
Stelkur				10	18	6	4	5	3	3	19	9	5	8	6	1	
Tildra	2			5	2	8	6	7				1	1	2	2	6	16
Rita									1								
Hettumáfur	2			12	12	7	5	11	1	1	2	9	8	6	8	4	9
Stormmáfur	2																1
Silfurmáfur	3		8	7	3			5	1	3	2	1	1	4	6		3
Sílamáfur			98	26	23	51	55	108	36	106	67	61	86	133	67		
Bjartmáfur	3																3
Hvítmáfur	1														1	1	1
Svartbakur	3		1	1		1				2	1				2		
Kría							13	9	46	15	18	8					
Púfutítl.														1			
Maríuerla						1				1	5			2			
Skógarþröstur			2														
Svartþröstur				1		1											1
Hrafn	1		1														5
Stari	7		19	6	6		8	5	1	13	9	6	45		20	27	7
	462	342	529	422	585	458	201	276	182	366	238	153	275	388	247	199	356
Landselur			2														
Minkur		1															

5. viðauki. Niðurstöður 20 talninga á Vífilstaðavatni árið 2013. Fjórar talningar (dagsetningar feitletraðar) eru af skráningarvefnum eBird, talningamaður Christophe Pampoulie.

	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	1.5.	9.5.	12.5.	21.5.	22.5.	30.5.	10.6.	20.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft	5		2	2	2	2	1	2			1		5	5	5	5	5	5		
Grágæs					2	9	3	4	9	13		1	8				1		66	
Rauðhöfðaönd	5				2													4	17	5
Urtönd			2	1									2							
Stökkönd	2		4	8	6	4	3	4	2	11	4	6	24	16	45	45	13	9	1	
Skúfönd				11		4	26	27	8	16	23	22	35	50	22	57	33	12	4	
Duggönd				2	2		14	16	10	8	9	11	13	12	4	6	5			
Toppönd	1	2		4	2	3	7	11	8	14	8	4	7	2	5		3			
Gulönd				1																
Himbrimi							1	1	1	1		1								
Flórigoði				1	1		6	2		2		6	4	12	11	13	11	15		
Tjaldur										2			1							
Heiðlóa					2	1	4			17			6			1				
Lóupræll										4			1							
Hrossagaukur					1	6	1	4	1	14		2	9			1				
Spói										3			1							
Stelkur				1	2	1	2	2		4		1	7	1	1	2				
Tildra										2										
Óðinshani								4		2	3	3	9							
Hettumáfur					1								1		1					
Sílamáfur					10	6				1		1	3			1		1		
Kría								12	41	2	7	10	38	4						
Þúfutíttl.						1		7					14	1						
Maríuerla								2					1			3				
Glókollur													2							
Skógarpröstur			2	2	1	8		3	2	4		2	4		2		7			3
Steindepill										2										
Hrafn		2																		
Stari					1	31	3	2		12			53	2		2				
Auðnutíttlingur						3		6		7						1				
Samtals	13	4	10	33	33	80	68	113	82	141	55	70	248	105	96	137	78	46	88	8

6. viðauki. Niðurstöður 17 talninga í Vatnsmýri árið 2013. Ein þeirra (6. maí) er af skráningarvefnum eBird, talningarmaður Edward B. Rickson.

	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	6.5.	9.5.	21.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft						2	1	2	1	2							
Grágæs			2		3	2	2	5	2	6							
Rauðhöfði						2											
Urtönd	15		4	5	6	2	3	1	1	5			5				
Stökkönd	12		7	13	8	2	12	16	6	4	1	2	2		3	2	
Skúfönd					6	4	11	12	2	13							
Duggönd										3							
Toppönd									2	3							
Bjarthegri						1											
Heiðlóa				1	2	8	3	4			2						
Lóupræll						1											
Hrossagaukur						2		1	1		4	1					
Jaðrakan				7	1	2	6	2		1							
Spói								1									
Stelkur				5		4	5	5	3	1	3						
Hettumáfur						2							1				
Silfurmáfur													2				
Sílamáfur								1			1						
Kría										6							
Þúfutíttl.					1	2	1	1									
Maríuerla						1											
Skógarþröstur	2		2	1	1	10	1		1			1				3	
Svartþröstur						3					1						
Hrafn								1		1		1					3
Stari						10	9	5		5	28						
Auðnutittlingur						4					1						
Samtals	29	0	15	32	28	64	54	57	19	50	41	5	10	0	3	5	3

7. viðauki. Niðurstöður 16 talninga af Urriðavatni 2013.

	10.2.	16.3.	12.4.	24.4.	1.5.	9.5.	21.5.	30.5.	10.6.	8.7.	24.7.	7.8.	23.8.	8.9.	7.10.	17.11.
Álft				2	1	2	1	2	2	2	2	2	1			
Grágæs		3		6	4	3	8	2	10		2	42			4	
Rauðhöfðaönd				2		6			1							
Urtönd				1		1	1	1			8					
Stökkönd	2			4	2	2	2	3	3	14	54	50	4	2		
Skúfönd	2			7	13	8	2	7	4	2	3	3	4	9		
Duggönd							4	5	4	2	4	2		1		
Toppönd					2	2	2	2	1							
Gulönd	2															
Himbrimi								1								
Flórigoði									1							
Tjaldur				2	2	2					2					
Heiðlóa							4			1						
Lóuþræll					3	3			1							
Hrossagaukur				1	2	2	1	5	2	6	1					
Stelkur				2	1	1	1	3	3	1	1					
Óðinshani										3						
Hettumáfur											1	6	2	1		
Silfur máfur										3	3	7	6			
Sílamáfur			5	12	8	46	8	1	27	15	33	36	50	4		
Hvít máfur										2	1	10	15	1	1	
Svartbakur						3				3	5				1	
Kría								1	1		5	7				
Þúfutítl.							1		1	1	1			1		
Skógarþröstur						1					1	2	8		12	
Hrafn												1				
Stari						4	1			2	1		40			
	6	3	5	39	38	86	36	33	61	57	128	168	130	19	18	0

